

Gjaldskrá Rafveitu Vestmannaeyja, nr. 525, 18. ágúst 1982. Allir taxtar hækki um	27%
Gjaldskrár rafveitna Eyrarbakka, Stokkseyrar og Hveragerðis, nr. 527, 18. ágúst 1982. Allir taxtar hækki um	28,5%
Gjaldskrá Rafveitu Grindavíkur, nr. 528, 18. ágúst 1982. Allir taxtar hækki um	27%
Gjaldskrá Rafveitu Miðneshrepps, nr. 529, 18. ágúst 1982. Allir taxtar hækki um	27%
Gjaldskrá Rafveitu Gerðahrepps, nr. 530, 18. ágúst 1982. Allir taxtar hækki um	27%
Gjaldskrá Rafveitu Keflavíkur, nr. 531, 18. ágúst 1982. Allir taxtar hækki um	27%
Gjaldskrá Rafveitu Njarðvíkur, nr. 532, 18. ágúst 1982. Allir taxtar hækki um	27%
Gjaldskrá Rafveitu Voga og Vatnsleysustrandar, nr. 533, 18. ágúst 1982. Allir taxtar hækki um	27%

Iðnaðarráðuneytið, 4. nóvember 1982.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Flúða og nágreinnis nr. 151, 14. mars 1977 með síðari breytingum.

Samkvæmt 25. gr. orkulaga nr. 58, 29. apríl 1967, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá hitaveitunnar frá og með 5. október 1982:

3. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:

Gjöld fyrir notkun heita vatnsins eru sem hér segir:

- Fastagjald fyrir gróðurhús fyrir 1 sek.l. kr. 154,75 á mánuði, fastagjald fyrir meiri notun en 1 sek.l. skal vera samsvarandi eftir vatnsmagni. Fyrir önnur hús kr. 99,02.
- Vatnsgjald fyrir gróðurhús kr. 11,54 á mánuði og kr. 54,96 á mánuði fyrir önnur hús fyrir hvern mínútulíttra.
- Þeir sem taka vatn gegnum hemil gróðurhúsa til hitunar á pökkunar- og geymsluhúsnæði, skulu greiða fastagjald sem hér segir: fyrir hvern rúmmetra kr. 0,48 á mánuði. Á gjöld þessi leggst söluskattur eftir gildandi reglum á hverjum tíma.

5. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:

Heimædagjöld Hitaveitu Flúða skulu vera sem hér segir fyrir eina heimæð:

Hús allt að 300 m³ að utanmáli, kr. 6 911,57. Hús 300 m³ til 2000 m³ að utanmáli, kr. 6 911,57 fyrir 300 m³ og kr. 5,12 á hvern rúmmetra þar yfir. Hús stærri en 2 000 m³ að utanmáli, kr. 15 798,24 fyrir 2000 m³ og kr. 4,35 á hvern rúmmetra þar yfir. Stofngjald fyrir aðrennslisemil umfram einn á sama inntaki er kr. 887,76.

Heimædagjöld á gróðurhús skulu vera þannig:

Gróðurhús að 200 m² skal greiða kr. 6 911,57. Gróðurhús stærra en 200 m² skal greiða kr. 6 911,57 fyrir 200 m² og kr. 11,41 fyrir hvern fermetra umfram 200 m².

6. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:

Gjöld skv. 3. gr. og 5. gr. eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar okt. til des. 1981 sem er 811 stig. Er hitaveitunefnd heimilt að breyta þeim í samræmi við þær breytingar sem á nefndri vísitölu verða.

9. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:

Hitaveita Flúða hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð notanda, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um lokun ber að tilkynna með þriggja daga fyrirvara. Allan kostnað við lokun og opnun á ný greiðir sá sem í vanskilum er, kr. 110,00 í hvert skipti.

Iðnaðarráðuneytið, 4. nóvember 1982.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

4. nóvember 1982.

Nr. 612.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrám Rafmagnsveitna ríkisins, Orkubús Vestfjarða, Rafveitu Siglufjarðar, Rafveitu Reyðarfjarðar, Hitaveitu Seyðisfjarðar og Hitaveitu Hafnarhrepps.

Samkvæmt 62. gr. orkulaga nr. 58, 29. apríl 1967 og 10. gr. laga nr. 66, 31. maí 1976, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingar á gjaldskrám Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða frá og með 5. nóvember 1982:

Gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins, nr. 534, 18. ágúst 1982:

Allir taxtar, að undanskildum töxtum A5, c1 og c2 hækki um 25%

Í samræmi við yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar um að dregið verði úr mismun á upphitunarkostnaði húsnæðis í landinu og auglýsingu þess efnis í Stjórnartíðindum nr. 565, 29. september 1982, hækka eftirtaldir taxtar sem hér segir:

Taxti A5. Markmæling. Orkugjald hækki um 20%

Taxti c1. Hitun íbúðarhúsnæðis. Orkugjald hækki um 17%

Taxti c2. Hitun íbúðarhúsnæðis. Orkugjald hækki um 17%

Gjaldskrá Orkubús Vestfjarða fyrir raforku, nr. 519, 18. ágúst 1982.

Allir taxtar, að undanskildum töxtum B. Heimili. Markmæling og D. Húshitun. Íbúðarhúsnæði, taxtar 4.1, 4.2, 4.3, 4.4 og 4.6 hækki um 25%

Í samræmi við yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar um að dregið verði úr mismun á upphitunarkostnaði húsnæðis í landinu og auglýsingu þess efnis í Stjórnartíðindum nr. 565, 29. september 1982 hækka eftirtaldir liðir sem hér segir:

B. Heimili. Markmæling, liður 2.2 Orkugjald af allir notkun hækki um 20%

D. Húshitun. Íbúðarhúsnæði. Taxtar 4.1, 4.2, 4.3 og 4.4 hækki um 17%

Taxti 4.6 hækki um 17%

Gjaldskrá Orkubús Vestfjarða fyrir hitaveitur, nr. 496, 18. ágúst 1982.

Allir taxtar, að undanskildu gjaldi samkv. 1. mgr. 3. gr. fyrir afnot heita vatnsins fyrir íbúðarhúsnæði, hækki um 25%

Í samræmi við yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar um að dregið verði úr mismun á upphitunarkostnaði húsnæðis í landinu og auglýsingu þess efnis í Stjórnartíðind-